

Ed.

77. Nefndarátt

um frumvarp til laga um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt frumvarp þetta og athugað það á nokkrum fundum.

Á síðastu árum hafa verið sett allmörg lög um eignarnám, og búið við að þeim fjölgi eftir því sem árin líða.

En þau hafa verið æði misjafnt úr garði gerð og reglurnar um framkvæmd þeirra býsna sundurleitar.

Nefndin telur því vel fallið að setja almennar reglur um framkvæmd eignarnáms, og það því fremur, sem við það sparast vinnutími þingsins og þingkostnaður.

Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingartillögum. —

Í frumvarpinu eru ákvæðin um, hvernig matsþóknun sje ákveðin, eigi sem ljósust, því að þar eru að eins ákvæði um þóknun sjer matsmanna.

Gerir stj.frv. ráð fyrir, að þeir ákveði hana sjálfir, og virðist þá rjett að sýna öðrum matsmönnum sama traust.

Sje áfrýjað mati manna, er dómari, sem er oddviti bæjarstjórnar eða á

þar sæti, hefir kvatt, þykir fult eins viðfeldið, að stjórnarráðið ætíð nefni yfirmatsmennina.

Þá virðist rjett, að um birting matsgerðar gildi sömu reglur og um tilkvaðning aðilja.

Aðrar breytingartilögur eru að mestu orðabreytingar, og þykir ekki ástæða til að fjölyrða um þær.

BREYTINGARTILLÖGURNAR

eru þessar:

1. a. við 2. gr. Orðin: »sem nefndir—eignarnámi« falli niður.
b. — - — Orðið: »matsmenn« falli niður.
2. a. — 3. — Í fyrri málsgr. falli niður orðin: »er þeir sjálfir ákveða«.
b. — - — Í sömu málsgr. falli niður orðin: »þegar hún hefst«.
c. — - — bætist ný málsgr.:
Matsmenn ákveða sjálfir þóknun sína.
3. — 4. — Fyrri málsgr. orðist svo:
Á sama hátt og segir í 3. gr., skal eins fljótt og verða má birta aðiljum matsgerðina, eða þeim, er við hana voru staddir.
4. a. — 5. — Fyrri málsgr. orðist svo:
Nú vill aðili áfrýja matsgerð, og skal hann það gert hafa innan 4 vikna frá því gerðin fór fram.
4. b. — 5. — Í síðari málsgr. í stað orðanna: »Áfrýja má« komi:
Skjóta má mati.
5. a. — 6. — Fyrri málsgr. Í stað orðanna: »uppfylla skilyrði þau« komi:
fullnægja skilyrðum þeim.
b. — - — sömu málsgr. Orðin »sín á meðal« falli niður.
c. — - — 2. málsgr. orðist svo:
Nú hefir bæjarfjelag, þar sem dómari er oddviti bæjarstjórnar eða á sæti í bæjarstjórn, krafist eignarnáms, og er þá rjett, að stjórnarráðið kveðji yfirmatsmennina.
- d. — - — 4. málsgr. orðist svo:
Hafi eignarnemi krafist yfirmats, ber honum að greiða allan kostnað af því, sje matsverðið hækkað um 10% eða meira.
6. a. — 7. — Í 1. málsgr. í stað orðanna: »greiða—sbr. 5. gr.« komi:
afhenda 300 kr. til greiðslu matskostnaðar.
b. — - — Í 3. málsgr. falli niður orðin: »þó ber—sjálfir ákveða«.
7. a. — 8. — Í stað orðanna »Matsmenn við hið sjerstaka yfirmat« komi:
Matsmenn við sjerstakt yfirmat.
b. — - — Í stað orðanna »frá sjerfræðingum« komi:
og aðstoðar sjerfræðinga.
8. — 9. — Í stað orðanna: »þyngsla—fyrir þann« komi:
verðrýrnunar þess.

9. Við 10. gr. í stað orðanna: »annaðhvort—hliðar« komi:
greidd fjárhæðin eða hún tekin frá.

Alþingi, 14. júlí 1917.

Magnús Torfason,
form. og ritari.

H. Hafstein. Kristinn Danielsson.